

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Árborg, 4. mars 2005.*

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að hækka leyfðan hámarkshraða á neðangreindum götum svo sem hér segir:

1. Kringlumýrarbraut, frá Listabraut að bæjarmörkum Kópavogs. Leyfður hámarks-  
hraði verður 80 km/klst.
2. Reykjanesbraut, frá Bústaðavegi að bæjarmörkum Kópavogs við Breiðholtsbraut.  
Leyfður hámarks-  
hraði verður 70 km/klst.
3. Suðurlandsbraut, milli Kringlumýrarbrautar og Skeiðarvogs. Leyfður hámarks-  
hraði verður 60 km/klst.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. apríl 2005.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. mars 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, skólþælustöð.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978. Breytingin felst í því að skilgreint er iðnaðarsvæði fyrir skólþælustöð við Lónið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. mars 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*